



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2019





Útgefandi. Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: Pétur Ástvaldsson og Sæunn Stefánsdóttir

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Böðvar Þórisson, Charla Basran, Dagrún Jónsdóttir, Dreki Guls, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Jón Einar Jónsson, Jón Jónsson, Jón Örn Guðbjartsson, Kristinn Ingvarsson, Marianne Rasmussen, Ragnar Edvardsson, Tómas G. Gunnarsson, Unnur Birna Karlsdóttir, Ute Stenkewitz, Vilhelm Vilhelmsson og Þorvarður Árnason.

Prentun: Háskólaprent



Efnisyfirlit

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi	8
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	10
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	12
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	14
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	18
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa	20
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	22



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Fyrsta rannsóknasetur Háskóla Íslands var sett á fótt 2001 á Hornafirði. Síðan þá hefur rannsóknasetrunum fjölgað og voru þau á árinu 2019 níu talsins og starfrækt á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðausturlandi og Austurlandi.

Sem fyrr er markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands m.a. að stuðla að rannsóknnum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Rannsóknaviðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði. Starf rannsóknasetranna gekk vel á síðasta ári.

Þegar litið er yfir síðasta starfsár rannsóknasetra Háskóla Íslands má sjá í starfi þeirra ríka áherslu á eina af meginstöðum stefnu Háskóla Íslands til 2021, HÍ21, eða á virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi. Starfsfólk rannsóknasetranna tekst á við sum af brýnustu viðfangsefni samtímans með rannsóknnum sínum og þátttöku í ýmiss konar nefndum og ráðum. Má þar nefna faghópa Rammaáætlunar, gerð landsáætlunar í skógrækt, stýrihópi um endurskoðun stefnu Íslands í vernd líffræðilegrar fjölbreytni og fleira mætti nefna. Verkefni á borð við þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og miðlun á áhrifum hnattrænna loftslagsbreytinga í samstarfi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði og dr. Kieran Baxter við Dundee-háskóla hlaut t.a.m. mikla athygli á árinu. Rannsóknasetrin vinna með yngri skólastigum að ýmiss konar fræðsluverkefnum. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og grunnskóli Bláskógabyggðar á Laugarvatni eru t.a.m. í samstarfsverkefni sem gengur út á að meta áhrif loftslagsbreytinga á fuglastofna. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum kemur að líffræðikennslu 9. og 10.

Þekkinga Grunnskóla Bolungarvíkur með því að skipuleggja vettvangs- og rannsóknavinnu þeirra við setrið. Þá má nefna þema-verkefni um þjóðtrú og galdra meðal nemenda í grunnskólunum á Hólmavík og Drangsnesi sem unnið var í samvinnu Rannsóknasetursins á Ströndum, Galdrasýninguna á Ströndum og grunnskólanna tveggja. Lögð er rík áhersla á miðlun rannsókna með ýmsum hætti fyrir utan birtingu vísindageirna, t.a.m. fyrirlestrahaldi, viðburðum og útgáfu fyrir almenning. Unnur Birna Karlsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi, gaf t.d. út bók sína *Öræfahjörðin. Saga hreindýra á Íslandi*, sem byggir á viðamikilli rannsókn. Fékk bókina afar góðar viðtökur og var hún m.a. tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, Fjöruverðlauna og viðurkenningu Hagbenkis. Soffía Auður Birgisdóttir, sérfræðingur við Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði, hafði umsjón með útvarpsþáttaröðinni *Samtal um fræði og feminisma á Rás 1*, ásamt Ævari Kjartanssyni. Samstarf er við fjölmargar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök um verkefni og nýsköpun t.d. í ferðaþjónustu og menningarlífi. Ánægjulegt er að sjá að alþjóðlegt samstarf rannsóknasetranna er sífellt að aukast.

Akademískir starfsmenn setranna sinna flestir kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við meirihluta rannsóknasetranna. Samkomulag Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og Hugvísindasvið gerðu sér samkomulag um kennslu starfsmanna rannsóknasetra í námskeiðum sviðsins og leiðbeiningu nemenda. Stefnt að því að ljúka samningum við önnur fræðasvið háskólans 2020.

Þrjátíu og sjö starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra HÍ árið 2019, 18 starfandi allt árið og þar af 16 í fullu starfi. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra 22,5 sem er fjölgun frá 2018. Að venju nýtt fjöldi meistara- og doktorsnema sér aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setranna til skemmri og lengri tíma.



13. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.
 14. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.
 15. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.
 16. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.
 17. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.
 18. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.
 19. Decembaen. Nordan mid höfðu og Skafaldi.

Þrátt fyrir fjölgun hefur markmiði Stofnunar rannsóknasetra um að á hverju rannsóknasetri séu tveir fastir starfsmenn enn ekki verið náð. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur, eins og í formi rannsóknastyrkja, hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2019. Þá hafa aukin framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra rannsóknasetra skipt miklu máli. Stuðningur sem þessi er starfsemi rannsóknasetrana afar mikilvægur. Á árinu voru gerðir samstarfssamningar við sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstað og Skagatrönd. Áhersla hefur verið á uppbyggingu rannsóknastöðu og annarra innviða rannsóknasetrana á undanförunum árum og því er styrk fjármögnun setrana grundvallaratriði. Vöxtur hefur verið í starfseminni á síðastliðnum misserum en mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetrana til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setrana.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2019 var Sæunn Stefánsdóttir. Fyrri helming ársins var Sæunn í námsleyfi og gegndi þá Halldór Jónsson, sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ, starfi forstöðumanns. Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, var formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ en auk hennar skipa nefndina Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna við Austurbrú, Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands, og Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annaðist stjórnáslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Nefndin fundaði tvisvar sinnum á árinu.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var haldinn í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni 28. mars 2019 að við-

stöddum rúmlega 70 manns. Nánar má lesa um ársfundinn á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig slóðir á vefsíður hvers rannsóknaseturs.

Á árinu tóku þrjú rannsóknasetur þátt í Vísindavöku Rannís. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa og Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum héldu Vísindakaffi á sínum starfssvæðum en Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði tók þátt í Vísindavöku í Laugardalshöll. Þó nokkur umfjöllun var um setrin og rannsóknaverkefni þeirra í fjölmiðlum og má t.d. nefna umfjöllun Landans um fornleifarannsóknir Ragnars Edvardssonar, sérfræðings við Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum og samstarfsverkefni starfsfólks Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi með Grunnskóla Bláskógabyggðar á Laugarvatni. Þá fjallaði RÚV um sumarnámskeið Rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum, rannsóknir starfsfólks Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum á örplasti í kræklingi, sem og rannsóknir Þorvarðar Árnasonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Hornafirði, og dr. Kieran á hopun jökla með þrívíddartækni. Eins og áður sagði fékk bókin *Öræfahjörðin. Saga hreindýra á Íslandi*, eftir Unni Birnu Karlsdóttur, forstöðumann Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi, mikla umfjöllun.

Starfsemi rannsóknasetrana hefur eflst á undanförunum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi við um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagsamtök og einstaklinga. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

Sæunn Stefánsdóttir

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Mars 2020





Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru aðallega stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum og fuglum auk rannsókna í ferðapjónustu. Setrið var stofnað haustið 2007 og forstöðumaður þess er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum við setrið allt árið. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir verkefnisstjóri vann að rannsóknum í ferðapjónustu og Charla Basran doktorsnemi vann að verkefni sínu um flækningar sjávarspendýra í veiðarfærum við Ísland. Þar að auki störfuðu við setrið Tatiana Marchon doktorsnemi sem vann að verkefni sínu um háhyrninga, og dr. Adam Smith sem hlaut Fulbright-styrk til að stunda rannsóknir á hljóðmynd í vatni og lofti, sem og hljóðmælingar á lunda. Tom Grove, doktorsnemi við Edinborgarháskóla, safnaði gögnum um hnúfubaka frá Húsavík.

Rannsóknasetrið er þátttakandi í norræna öndvegissjetursverkefninu ARCPATH – Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient, Sustainable Societies. Árlegur samstarfsfundur þess var haldinn í Reykjavík í október.

Setrið tók einnig þátt í rannsókn um áhrif nýrrar tækni við olíuleit á steypireyðar og hnúfubaka og samskipti þeirra. Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann í Hannover. Sérstakir hljóðnemar voru festir á dýrin með sogskálum og hljóðbylgjur sendar frá magnara um borð í báti rannsakenda. Viðbrögð dýranna voru mæld í kjölfarið og áhrif hljóðsins metin. Verkefnið var fjármagnað af þýska umhverfisráðuneytinu.

Marianne Rasmussen var þátttakandi á norska seglbátnum Barba við Færeyjar (Barba.no) í leiðangri hans Arctic Whale, í þeim tilgangi að taka upp hljóð hvala og höfrunga. Báturinn kom einnig til Húsavíkur og var þar tvær vikur í höfn, en dagsferðir voru farnar til hvalarannsókna. Báturinn hefur þar að auki notað svifháf til að finna plast í sjó. Áhöfn bátsins stóð fyrir fjöruhreinsun í nágrenni Húsavíkur ásamt Hvalasafninu, en þar var starfsfólk rannsóknasetursins þátttakendur.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir vann áfram að rannsókn sinni á ferðavenjum og útgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi. Verkefnið byggir á sumarkönnun meðal erlendra ferðamanna sem hefur verið framkvæmd á fjórtán áfangastöðum frá árinu 2013 og er unnin í

samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og Ferðamálastofu. Á árinu komu út skýrslur með niðurstöðum könnunar á Egilsstöðum, Húsavík, Hvammstanga, Ísafirði, Reykjanesbæ, Reykjavík, Stykkishólmi og Vík sumarið 2018. Helstu niðurstöður hafa jafnframt verið birtar í mælaborði ferðapjónustunnar. Verkefnið var fjármagnað af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Lilja lét af störfum við rannsóknasetrið á haustmánuðum og gekk til liðs við Þekkingarnet Þingeyinga.

Rannsóknasetrið starfar sem fyrr í nánu samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsmenn og sjálfbóðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

Að venju var alþjóðlegt sumarnámskeið, Studying Marine Mammals in the Wild, haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í júní. Námskeiðið sóttu 23 nemendur frá 13 þjóðlöndum.

Marianne Rasmussen var meðleiðbeinandi þriggja doktorsnema og sjö meistaranema á árinu. Alls vann 31 erlendur nemi að verkefnum hjá setrinu árið 2018. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík nokkra mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnæði á vegum setursins.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á bát í eigu Háskóla Íslands, Arcpath, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.

Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing sem hefur reynst mikilvægur bakhjarl, m.a. við útvegum húsnæðis fyrir erlenda háskólanema.

Ritaskrá

Akiyama, Y, Akamatsu, T, Rasmussen, MH, Iversen, MR, Iwata, T, Goto, Y, Aoki, K, Sato, K (2019). Leave or stay? Video-logger revealed foraging efficiency of humpback whales under temporal change in prey density. Plos One (<https://doi.org/10.1371/journal.pone.0211138>).

Basran, C, Bertulli, CG, Ceccetti, A, Rasmussen, MH, Whittaker, M

and Robbins, JL (2019). First estimates of entanglement rate of humpback whales (*Megaptera novaeangliae*) observed in coastal Icelandic waters. *Endangered Species Research*. 38: 67–77.

Bouchard, B, Barnaguad, J-Y, Glotin, H, Pupard, M, Gauffier, P, Ortiz, ST, Lisney, T, Campagna, S, Rasmussen, M and Célrier (2019). Behavioural responses of humpback whales to food-related chemical stimuli. *Plos One* 14 (<https://doi.org/10.1371/journal.pone.0212515>).

Lopes-Marques, M, Machado, AM, Alves, LQ, Fonseca, MM, Barbosa, S, Sinding, MH, Rasmussen, MH, Iversen, MR, Bertelsen, MF, Campos, PF, Fonseca, R, Raquel Ruivo, R, and Castro, FC (2019). Complete Inactivation of Sebum-Producing Genes Parallels the Loss of Sebaceous Glands in Cetacea. *Mol. Biol. Evol.* 36:1270–1280.

Mooney, TA, Smith, A, Larsen, O, Hansen, KA, Wahlberg, M and Rasmussen M (2019). Birds of a feather: Hearing and potential noise impacts in puffins (*Fratercula arctica*). *Proceedings of Meetings on Acoustics*. 5th International Conference on the Effects of Noise on Aquatic Life, Den Haag, The Netherlands, 7-12 July 2019. Vol 37: 1-13.

Mooney, TA, Smith, A, Larsen, O, Hansen, KA, Wahlberg, M and Rasmussen, M (2019). Field-based hearing measurements of two seabird species. *J. Exp. Biol.* 222 ([doi:10.1242/jeb.190710](https://doi.org/10.1242/jeb.190710)).

Fyrirlestrar og erindi

Groove, T, Homer, N, Romanov, M, Henry, L-A and Rasmussen, MH (2019). Estimating circulating concentrations of cortisol in large whales via blow sample collection with an unmanned aerial vehicle. *Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Kyhne, L, Beedholm, K, Rasmussen, MH, Amundin, M and Madsen, PT (2019). Do porpoises (*Phocoena*) have an acoustic fovea? *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Madsen, R, Rasmussen, MH, Olsen, MT, Lydersen, C, Vikingson, GA, Kovacs, KM, Palner, MKH

Bertelsen, JL, Jacobsen, JS, Jørgensen, MS, Whittaker, M, Jacobsen, T, Scott, J and Iversen, MR (2019).

The migratory movements of blue whales (*Balaenoptera musculus*) inhabiting Arctic and Sub-Arctic areas of the Northeast Atlantic. *Dansk Havpattedyr Symposium*, Odense, Denmark

Rasmussen, MH (2019). Whale research in Iceland, *Scandinavian Physiological Society*, Harpa, Reykjavik, Iceland.

Rasmussen, MH (2019). Whales and cruise ships in Skjálfandi bay. *Framsýn*, Husavik, Iceland. Public lecture.

Rasmussen, MH (2019). Whales around Iceland. *University of Iceland*, Reykjavik, Iceland, course for high school teachers.

Rasmussen, MH (2019). Recent whale research at the University of Iceland's research center in Húsavík, *Whale congress*, Húsavík, Iceland.

Rasmussen, MH, Wahlberg, M, Schack, HB, Bircher, N, Iversen M and Siebert U (2019). Source levels of blue whales (*Balaenoptera musculus*) in Iceland measured with a hydrophone array. *Dansk Havpattedyr Symposium*, Odense, Denmark.

Veggspjöld

Albrecht, S and Rasmussen, MH (2019). Habitat use of minke whales in Skjálfandi Bay, North Iceland. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Basran, C, Woelfling, B, Neumann, C and Rasmussen, MH (2019). Analysis of humpback whale (*Megaptera novaeangliae*) behavioural response to two acoustic deterrent devices (ADDs) in their Icelandic feeding ground. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Calvo, MO and Rasmussen, MH (2019). Harbor porpoise (*Phocoena phocoena*) annual and seasonal distribution in Skjálfandi Bay, Iceland. Using opportunistic data over the past 10 years (2009-2018) collected from whale watching platforms. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Dodds, F, Grove, T, Tan, B, Rasmussen, MH and Henry, L-A (2019). Assessing summer body condition of humpback and blue whales using an Unmanned Aerial System (UAS) in Skjálfandi Bay, Northern Iceland. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Gose, M-A, Pampoulie, C, Halldorsson, S, Rasmussen, MH, Vikingson, G, Schweinsberg, M and Tollrian, R (2019). Genetic variability and social structure in north-east Atlantic humpback whales (*Megaptera novaeangliae*) off the Icelandic coast. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Iwate, T, Akamatsu, T, Schnitzler, J, Rasmussen, MH, Baltzer, J, Lucke, K, Aogi, K, Sato, K, Wahlberg, M and Siebert, U (2019). Growls and downsweeps: Foraging ground vocalisations of blue whales. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

McGinty, N, Rasmussen, MH and Bertulli, C (2019). Using multi-model ensemble forecasting to identify key feeding habitat for four cetacean species in Icelandic coastal waters. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.

Petitguyot, M, Groove, T, Senglat, C, Koshiba, D and Rasmussen, M (2019). Mass stranding and unusual sightings of northern bottlenose whales (*Hyperoodon ampullatus*) in Skjálfandi Bay, Iceland. *Worlds Marine Mammal conference*, Barcelona, Spain.





Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi tók förmlega til starfa um mitt ár 2018. Unnur Birna Karlsdóttir umhverfissagnfræðingur er forstöðumaður setursins. Aðsetur rannsóknasetursins er að Tjarnarbraut 39a á Egilsstöðum.

Stærsta verkefni á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi á árinu 2019 var útgáfa viðamikillar rannsóknar sem forstöðumaður setursins, dr. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur, vann að á árunum 2015-2019. Rannsóknin er ritrynt og ritstýrt verk

og birtist á bók sem ber titilinn *Öræfahjörðin. Saga hreindýra á Íslandi*. Bókin kom út í október 2019. Flestar ljósmyndir í bókinni af hreindýrum í náttúru Austurlands eru eftir Skarphéðin G. Þórisson líffræðing og sérfræðing um hreindýr hjá Náttúrustofu Austurlands. Auk þess lögðu ýmis ljósmyndasöfn og einstaklingar til ljósmyndir sem varpa ljósi á sögu sambúðar manna og hreindýra hér á landi og eru elstu hreindýramyndirnar frá því fyrir miðbik 20. aldar. Útgefandi er Sögufélag. Í bókinni er rakin saga hreindýra á Íslandi frá



Því þau voru flutt til landsins á seinni hluta 18. aldar til dagsins í dag. Bókin er hugmyndasaga sem fjallar jafnt um hreindýrin sjálf og viðhorf landsmanna til þeirra. Fjallað er um lífsbaráttu hreindýra, veiðiferðir fyrr og síðar, deilur um hreindýr og drauma um hreindýrabúskap, um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi en einnig á Reykjanesi og í Þingeyjarsýslu. Töluverð eftirfylgni var við útgáfu bókarinnar; haldin voru útgáfuhólf í Reykjavík og á Fljótsdalshéraði, auk þess sem höfundur sinnti beiðnum um upplestur og rithöfundaspjall og mætti í viðtöl í fjölmiðlum.

Önnur helstu rannsóknaverkefni á árinu fólust í rannsóknum á viðhorfum til öræfa Íslands og birtingu ritrýndrar greinar um það efni í Ritinu. Tímariti Hugvísindastofnunar. Þess utan var fyrirlestrahald á tvennum vettvangi (sjá fyrirlestraskrá) og áframhald á verkefni um verndarsvæði í byggð á Fljótsdalshéraði, en það er sérfræðiverkefni sem Rannsóknasetrið vinnur fyrir sveitarfélagið Fljótsdalshérað. Samstarfsaðilar í því auk sveitarfélagsins eru Anna María Þórhallsdóttir, arkitekt á Egilsstöðum, og Minjastofnun Íslands. Ýmislegt fleira var á döfni á árinu en ekki er rúm til að tíunda þar hér.

Ritaskrá

Unnur Birna Karlsdóttir, Öræfahjörðin. Saga hreindýra á Íslandi, Reykjavík: Sögufélag, 2019.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Um ást á öræfum; og áhrif hennar á verndun miðhálandisins“, Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar 3/2019, bls. 45–67; sjá vefslóð: <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/77/68>

Fyrirlestrar

Unnur Birna Karlsdóttir, „Umhverfissagnfræði sem aðferð í rannsóknum á sambúð manns og villtra dýra á Íslandi.“ Fyrirlestur haldinn á málþingi á Skagaströnd hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra þann 13. apríl 2019 undir yfirskriftinni: Selir og samfélag við Húnaflóa í fortíð, samtíð og framtíð.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Hafa villt dýr réttindi? Spjall um umhverfis-sögulega rannsókn á sambúð manns og villtra dýra á Íslandi.“ Fyrirlestur haldinn á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, á Laugarvatni 28. mars 2019.





Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði

Fastráðnir starfsmenn voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður, og dr. Soffía Auður Birgisdóttir, fræðimaður. Verkefnaráðnir starfsmenn voru fimm: Arndís Hulda Auðunsdóttir (10%), Arndís Lára Kolbrúnardóttir (25%), David Ostman (60%), Johannes Welling (25%) og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir (20%). Þorvarður leiðbeindi tveimur doktorsnemum og sat í doktorsnefnd þess þriðja, hann leiðbeindi einnig fimm mastersnemum og lauk einn þeirra prófi á árinu. Soffía Auður var andmælandi í doktorsvörn við Íslensku- og menningardeild. Þorvarður hafði að vanda umsjón með vettvangsnámskeiði um Stjórnun friðlýstra svæða og var stundakennari í tveimur öðrum námskeiðum. Soffía Auður var gestakennari í einu námskeiði. Rannsóknasetrið tók á móti hópum frá University of Pennsylvania og Durham University.

Meginrannsóknasvið setursins voru sem fyrr bókmenntir og menning, ásamt umhverfis- og ferðamállum. Helstu verkefni ársins voru *Adventure Tourism in Vocational Education and Training* (ADVENT, þriggja ára fjölþjóðlegt verkefni styrkt af Erasmus+); gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand (ráðgjafarstörf fyrir Vatnajökulsþjóðgarð); rannsóknir og skýrsluskrif vegna verkefnisins *Náttúruvernd og byggðapróun: Áhrif verndarsvæða á grannbyggðir* (unnið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið); frágangur rannsóknarinnar *Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu* (unnin fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga); *Fjöl-skyldubréf og saga systra – kynjafræði- og ævisöguleg rannsókn*, og *Rannsóknir á íslenskum nútímabókmenntum*. Þá hafði Þorvarður umsjón með fimm rannsókn- og þróunarverkefnum varðandi landslag eða óbyggð víðerni fyrir Rammaáætlun, sem ýmist voru unnin af honum sjálfum eða samstarfsmönnum hans. Viðamesta verkefnið af þessum toga laut að þróun aðferða til að leggja mat á landslagsáhrif vindorkuvera. Enn fremur vann Þorvarður áfram að þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og miðlun á áhrifum hnattrænna loftslagsbreytinga í samstarfi við dr. Kieran Baxter við Dundee-háskóla, en hann verður í hlutastarfi sem nýdoktor við setrið 2020-2022.

Rannsóknasetrið stóð fyrir málþinginu „Skuggar af bláljósi“ í nóvember í tengslum við útgáfu ljóðabókarinnar *Dimmumót* eftir Steinunni Sigurðardóttur. Þorvarður var fulltrúi í faghópi 1 í Rammaáætlun og sat einnig í stjórn Nýheima Þekkingarseturs og skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Hann var gestarítstjóri þemaheftis Ritsins, Umhverfishugvísindi og samtími, ásamt Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur. Soffía Auður situr í ritstjórn vefjarins www.skald.is sem hefur það markmið að verða stærsti gagnabanki um kvennabókmenntir á netinu. Þá hafði Soffía Auður umsjón með útvarpsþáttaröðinni *Samtal um fræði og feminisma* á Rás 1, ásamt Ævari Kjartanssýni. Þorvarður aðstoðaði þáttgerðarmenn frá BBC4 við

vinnslu útvarpsþáttarins *Iceland: The Great Thaw*. Einnig var fjallað um samstarfsverkefni Þorvarðar og Kierans Baxter um sjónræn rannsóknir á hopi jökla á vef BBC og fleiri erlendum fjölmiðlum. Samstarf við listamenn er vaxandi þáttur í starfi rannsóknasetursins og var setrið í samstarfi við Gunnlaug Þór Pálsson, Halldór Ásgeirsson og Steinunni Sigurðardóttur á árinu.

Ritaskrá

- Auður H. Ingólfssdóttir, Þorvarður Árnason, Jukka Siltanen og Hjalti Jóhannesson (2019). Náttúruvernd og byggðapróun: Áhrif verndarsvæða á grannbyggðir. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Þorvarður Árnason (2019). „Inngangur að þema“. *Ritið*, 19(3), bls. 1-8.
- Johannes Welling og Bruno Abegg (2019). „Following the ice: adaptation processes of glacier tour operators in Southeast Iceland“. *International Journal of Biometeorology - Special Issue: Climate, Tourism and Recreation*.
- Johannes T. Welling, Rannveig Ólafsdóttir, Þorvarður Árnason og Snævarr Guðmundsson (2019). „Participatory planning under scenarios of climate change and tourism growth in Southeast Iceland“. *Mountain Research and Development*, 39(2).
- Soffía Auður Birgisdóttir (2019). Maddama, kerling, fróken, frú. Konur í íslenskum nútímabókmenntum. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 359 bls.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „„Tilfinningar eru eldsneyti fyrir hugmyndir.“ Um skáldskaparheim Elísabetar Kristínar Jökulsdóttur.“ *Ritið*, 1/2019, bls. 223-254.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Afbragð annarra kvenna. Um þríleik Vilborgar Davíðsdóttur um Auði djúpuðgu.“ *Timarit Máls og menningar*, 2/2019, bls. 51-59.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Skáldið og skáldskaparlistin. Um Emily Dickinson og ljóðið „Líf mitt var kyrrstætt – Hlaðið Vopn –.“ *Són*, tímarit um óðfræði 2019, bls. 35-47.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2019). Þýðing á ljóði Emily Dickinson: „Mitt Líf var kyrrstætt – Hlaðið vopn“. *Són*, tímarit um óðfræði 2019, bls. 48.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Tímanna tákn? Ritdómur um Hans Blær eftir Eirík Örn Norðdahl“. *Timarit Máls og menningar*, 3/2019, bls. 116-123.
- Soffía Auður Birgisdóttir og Þóra Sigríður Ingólfssdóttir (2019). „Hjónaþáttur: Skáldið og skassið. Drættir frá Þórbergi Þórðarsyni og Margræti Jónsdóttur í þríleik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar.“ *Andvari* 2019, bls. 103-120.
- Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir (2019). Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“. Höfn: Rannsóknasetrið á Hornafirði.
- Þorvarður Árnason og Johannes T. Welling (2019). „Winter tourism and



seasonality in Iceland". Í: U. Pröbstl-Haider, H. Richins & S. Türk (Ritstj.), Winter tourism. Trends and Challenges, s. 442-460. CABl. Að auki birti Soffía Auður Birgisdóttir átta ritdóma á vefnum skald.is og sex ritdóma í Stundinni. Jafnframt hafði Soffía Auður umsjón, ásamt Ævar Kjartanssyni, með útvarpsþáttaröðinni Samtal um fræði og feminisma á RÚV, Rás 1. Röðin samanstóð af níu þáttum sem útvarpað var á tímabilinu 8. september til 3. nóvember 2019: <https://www.ruv.is/utvarp/spila/samtal>

Ritstjórn

Soffía Auður Birgisdóttir (2019). Ritstjórnarmeðlimur bókmenntavefsins skald.is, sjá <https://www.skald.is/>
 Þorvarður Árnason (2019). Gestaritstjóri þemaheftisins „Umhverfshugvísindi og samtími“, Ritíð, 19(3).

Fyrirlestrar

Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Þessi tvífætta villibráð“. Fyrirlestur fluttur á Hugvísindapöngi, 8. mars 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Framtíð bókmenningar“. Erindi haldið á málþinginu Framtíð bókmenningar á Þórbergssetri, Hala í Suður-sveit, 10. mars 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Hringsólað um verk Álfrúnar“, erindi flutt á málþingi um Álfrúnu Gunnlaugsdóttur í Hannesarholti, 14. mars 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Kraumandi eldvirkni - bæling og sköpunarkraftur. Um ljóð Emily Dickinson, „Mitt líf var kyrrstætt – hlaðið vopn“. Fyrirlestur fluttur á Boðnarþingi 2019, Neskirkju, 11. maí 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Krampar og kippir, blossom og þagnir. Sjúkdómsgreining á ljóðskáldi“. Erindi flutt á málþingi til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur og Kristjáni Jóhanni Jónssyni, 1. júní 2019 í Skriðu, húsi Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð.
 Soffía Auður Birgisdóttir og Arndís Hulda Auðunsdóttir (2019). „„Elsku- legi Addni minn góði!“ Bréfaskeppi Jóns Árnasonar við börn Sveinbjarnar Egilssonar“. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu um Jón Árnason, Þjóðarbókhöðu 7. september 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). Erindi um Arnfríði Jónatansdóttur, skáld, á bókakaffi Borgarbókasafnsins í Gerðubergi, 23. október 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Af Sveinbjarnardætrum: Saga systra“. Fyrirlestur fluttur á ársþingi Félags áhugamanna um Bessastaðaskóla, „Komdu hér með kalda fingur þína,“ í Bessastaðakirkju, 26. október 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). Erindi um Steinunni Sigurðardóttur, skáld, á málþinginu „Skuggar af bláljósi. Dimmumót Steinunnar Sigurðardóttur“, haldið af Rannsóknarsetri HÍ á Hornafirði, 15. nóvember 2019.
 Soffía Auður Birgisdóttir (2019). „Far eftir hugsun – um ljóðagerð Þóru Jónsdóttur.“ Erindi haldið á Fræðafjöri, málþingi til heiðurs Helgu Kress, Háskóla Íslands, 30. nóvember 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Natural heritage in an increasingly multi-

cultural rural community“. Erindi fyrir ProPeace Project Meeting, Þórbergssetur, 13. febrúar 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Óbyggðirnar kalla – hálendið í huga íslensks almennings“. Hugvísindapöngi 2019, Reykjavík, 8.-9. mars 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Þjóðgarðar – óleysanlegar mótsagnir eða hvatning til breyttrar hugsunar?“. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra, Laugarvatn, 28. mars 2019.
 Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir (2019). „Ferðaþjónustan er ekki bóla frekar en Internetið: Hvernig mun ferðaþjónustan breyta samfélagi og menningu á Suðurlandi?“. Áfangastaðurinn Suðurland – Upplifun og umhverfi, Málþing Markaðsstofu Suðurlands, Hellu, 5. apríl 2019.
 Þorvarður Árnason og Johannes Welling (2019). „Winter tourism and seasonality in Iceland“. Tourism Naturally Conference, Buxton, Englandi, 4.-6. júní 2019.
 Þorvarður Árnason og David C. Ostman (2019). „Overview of research by expert group 1 on landscapes and wilderness“. Windfarms, Landscapes and Wild(erness) Areas, Rammaáætlun, Reykjavík, 12. ágúst 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „The (mis)management of foreign visitors to (Southeast) Iceland“. Internasjonale perspektiver på besøksforvaltning, Háskólinn í Tromsø, Noregur, 10.-11. september 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Yfirlit um rannsóknir varðandi þölmörk ferðamennsku og upplifun ferðamanna“. Erindi fyrir stjórn Vatna- jökulspjóðgarðs, Húsavík, 14. október 2019.
 Þorvarður Árnason og Kieran Baxter (2019). „Picturing the Climate Crisis: 3D Visualizations of Glacier Recession as a Vehicle for Environmental Communication“. Arctic Circle Assembly, Reykjavík, 10.-12. október 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Sjónræn vöktun/miðlun varðandi bráðnun jökla“. Nýheimar Þekkingarsetur – hádegisfyrirlestur, 18. október 2019.
 Þorvarður Árnason og Kieran Baxter (2019). „Visualizing glacier down- wasting – exploring synergies between monitoring and communication“. International Glaciological Society – Nordic Branch Meeting, Reykholt, 30.-31. október 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Sjónræn heimildir um bráðnun jökla“. Erindi fyrir Félag eldri borgara á Hornafirði, Ekra, Höfn, 1. nóvember 2019.
 Þorvarður Árnason (2019). „Hvítgullsfjallið í ýmsum myndum“. Erindi á málþinginu Skuggar af bláljósi. Dimmumót Steinunnar Sigurðardóttur, Rannsóknasetrið á Hornafirði, Höfn, 15. nóvember 2019.

Prófrítgerðir

Antje Neumann. „Wilderness protection in Polar Regions. Arctic lessons learnt for the regulation and management of tourism in the Antarctic“. Doktorsritgerð í umhverfislögfræði, Tilburg University, maí 2019.
 Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir. „Friðlýsing Breiðamerkursands. Leiðargildi Evrópusamnings um landslag“. Meistararitgerð í landfræði, Háskóli Íslands, júní 2019.





Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er staðsett á Laugarvatni. Starfslið setursins eru tveir fastráðnir starfsmenn, Bóðvar Þórisson verkefnastjóri og Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður. Nýdóktor og fjórir doktorsnemar störfuðu einnig við setrið á árinu 2019.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúrufars á Íslandi en þær nýtast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna og rannsóknir á fuglum eru nátengdar rannsóknnum á áhrifum landnotkunar.

Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum nýdókta og framhaldsnema, eru einnig rekin langtíma-verkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistikkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta í framtíðinni skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistikkerfi og lífsgæði. Bóðvar Þórisson hefur umsjón með langtíma-verkefnum, skipuleggur útvinnu og viðheldur gagnagrunnum og tekur auk þess þátt í flestum verkefnum setursins.

Aldís Erna Pálsdóttir doktorsnemi lauk þriðja ári í doktorsnámi sínu. Verkefni hennar felst í að kanna áhrif mannvirkja og skógarjaðra á fuglastofna á láglendi en þessar gerðir landnotkunar færast mjög í vöxt og hafa mögulega veruleg áhrif á að Íslendingar geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar. Maite Cerezo hóf doktorsnám á árinu en hún stundar rannsóknir á tengslum varpþettleika og stofnvistfræði hjá fuglum. Þessi tengsl hafa lykiláhrif á áhrif umhverfisbreytinga á stofna. Sölvi Rúnar Vignisson hóf einnig doktorsnám á árinu. Rannsóknir hans snúast um stjórnun á farháttum fugla, einkum hvernig atburðir í æsku hafa áhrif á einstaklinga á fullorðinsárum og á stofna farfugla. Camilo Carneiro doktorsnemi frá Háskólanum í Aveiro í Portúgal hefur stundað rannsóknir á lýðfræði spóa við setrið síðustu ár en hann varði doktorsritgerð sína með miklum sóma í Portúgal í haust.

José Alves, vísindamaður við Háskólann í Aveiro, hefur starfað við setrið í allmörg ár sem nýdóktor en hann á þátt í mjög fjölbreyttum rannsóknnum á Íslandi og erlendis auk leiðbeiningar framhaldsnema. Veronica Mendez nýdóktor rannsakar tengsl farflugs og lýðfræði og notfærir sér einstaka eiginleika íslenska tjaldastofnsins við rannsóknirnar. Veronica leiðbeindi meistara-nema við Háskólasetur Vestfjarða á árinu.


Nefndarvinna var fyrirferðarmikil á árinu en for-

stöðumaður situr í Faghópi eitt í 4. áfanga Rammaaætlunar, verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt, stýrihópi um endurskoðun stefnu Íslands í vernd líffræðilegrar fjölbreytni auk nokkurra annarra nefnda og stjórna. Nefndarstarf sem þetta er farvegur fyrir þá vinnu sem unnin er við setrið til að styðja við stefnumótun um nýtingu og vernd náttúrunnar.

Almenningsfræðsla er mikilvægur þáttur af starfinu. Rannsóknasetrið og grunnskóli Bláskógabyggðar á Laugarvatni eru í samstarfsverkefni sem gengur út á að meta áhrif loftslagsbreytinga á fuglastofna. Fjallað var um verkefnið í Landanum á RÚV í upphafi árs 2020. Forstöðumaður leiðir á hverju vori fuglaskoðun í Reykjavík á vegum Háskóla Íslands undir viðburðaröðinni *Með fróðleik í fararnesti*. Starfsmenn setursins halda einnig oft kynningar og erindi fyrir almenning um fugla, náttúruvernd og landnotkun.

Ritaskrá

- J.A., Gill, J.A. Alves & T.G. Gunnarsson 2019. Mechanisms driving phenological and range change in migratory species. *Philosophical Transactions of the Royal Society B* 374 (1781), 20180047.
- C.A. Morrison, J.A. Alves, T.G. Gunnarsson, B. Þórisson & J.A. Gill 2019. Why do earlier-arriving migratory birds have better breeding success? *Ecology and Evolution*. <https://doi.org/10.1002/ece3.5441>
- van Bemmelen R.S.A., Kolbeinnsson Y., Ramos R., Gilg O., Alves J.A., Smith M., Schekkerman H., Lehtikoinen A., Petersen I.K., Þórisson B., Sokolov A.A., Valimaki K., van der Meer T., Okill J.D., Bolton M., Moe B., Hanssen S.A., Bollache L., Petersen A., Thorstensen S., Gonzalez-Solis J., Klaassen R.H.G., Tulp I. 2019. A Migratory Divide Among Red-Necked Phalaropes in the Western Palearctic Reveals Contrasting Migration and Wintering Movement Strategies. *Frontiers in Ecology and Evolution* 7.
- Lovas-Kiss A., Sánchez, M.I., Wilkinson, D.M., Coughlan, N.E., Alves, J.A. & Green, A.J. 2019. Shorebirds as major vectors for plant dispersal in Europe. *Ecography* (DOI): 10.1111/ecog.04065
- J.A. Alves, T.G. Gunnarsson, W.J. Sutherland, P.M. Potts & J.A. Gill 2019. Linking warming effects on phenology, demography, and range expansion in a migratory bird population. *Ecology and evolution* 9 (5), 2365-2375.
- Lilja Jóhannesdóttir, Jennifer A Gill, José A Alves, Sigmundur H Brink, Ólafur Arnalds, Verónica Méndez, Tómas Grétar Gunnarsson. Interacting effects of agriculture and landscape on breeding wader populations. *Agriculture, ecosystems & environment* 272, 246-253.
- C. Carneiro, T.G. Gunnarsson & J.A. Alves 2019. Why are whimbrels not advancing their arrival dates into Iceland? Exploring seasonal and sex-specific variation in consistency of individual timing during the annual cycle. *Frontiers in Ecology and Evolution* 7, 248. <https://doi.org/10.3389/fevo.2019.00248>
- C. Carneiro, T.G. Gunnarsson & J.A. Alves 2019. Faster migration in autumn than in spring: seasonal migration patterns and non-breeding distribution of Icelandic whimbrels *Numenius phaeopus islandicus*. *Journal of avian biology* 50 (1). <https://doi.org/10.1111/jav.01938>
- L Jóhannesdóttir, J Gill, J Alves, T Gunnarsson 2019. Icelandic meadow-breeding waders: status, threats and conservation challenges. *Wader Study Group Bulletin* 126 (1), 19-27





Tómas Grétar Gunnarsson og Böðvar Þórisson 2019. Talingar á mófuglum. Náttúrufræðingurinn 89: 118-129.

Aldís Erna Pálsdóttir 2019. Interacting effects of agriculture and landscape on breeding wader populations. Summary and discussion of a recently published paper. Wader study. <https://www.waderstudygroup.org/article/13209/>

Fyrirlestrar, erindi og veggspjöld

Tómas Grétar Gunnarsson 2019. Linking bird migration systems and demography. Öndvegisfyrirlestur á Líffræðiráðstefnunni 2019 (haldin á tveggja ára fresti). Reykjavík. Október.

Tómas Grétar Gunnarsson 2019. Náttúruvernd og landnotkun. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Laugarvatn. Mars.

Aldís Erna Pálsdóttir 2019. Fragmenting open landscapes: impacts of human infrastructure on Icelandic-breeding waders. Oral presentation at Wader study group. <https://www.waderstudygroup.org/conferences/2019-morecambe-uk/>.

Aldís Erna Pálsdóttir 2019. Áhrif manna á búsvæði fugla. Ársfundur rannsóknasetra Háskóla Íslands. https://www.hi.is/vidburdir/arsfundur_stofnunar_rannsoknasetra_hi_2019

Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2019) Consequências de atrasos e local de invernada à reprodução: efeitos de carry-over em Maçaricos-galegos *Numenius phaeopus islandicus*. X Congresso da Sociedade Portuguesa para o Estudo das Aves, March 2019, Peniche, Portugal.

Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2019) Do timing delays and winter site quality carry-over to influence productivity in Icelandic Whimbrel? Tracking migration: drivers, challenges and consequences of seasonal movements, March 2019, Coventry, England.

Maite Cerezo, José Alves, Camilo Carneiro, Gunnar Þór Hallgrímsson, Tómas

G. Gunnarsson .Links between breeding density, territorial behaviour and breeding success in Icelandic whimbrels: preliminary results. Poster presentation. International Wader Study Group, Morecambe (UK) September 2019.

Maite Cerezo, José Alves, Camilo Carneiro, Gunnar Þór Hallgrímsson, Tómas G. Gunnarsson. Links between breeding density, territorial behaviour and breeding success in Icelandic whimbrels: preliminary results. Poster presentation. Icelandic Biology Conference, Reykjavik (Iceland) October 2019.

Maite Cerezo, José Alves, Gunnar Þór Hallgrímsson, Tómas G. Gunnarsson. Uncovering density dependence in breeding Icelandic whimbrels. Oral presentation. Animal migration course at Centre for Animal Movement Research (CANMove), Lund University (Sweden) November 2019.


Veronica Mendez 2019. Will millennials follow parental advice? Friday biology seminar, University of Iceland. December.

Joshua Nightingale, Tómas G. Gunnarsson, Peter M. Potts, Ruth Croger, Jennifer A. Gill & José A. Alves 2019. How early life creates long-term trends: linking hatch-date, natal site and winter settlement in Icelandic Black-tailed Godwits *Limosa limosa islandica*. International Wader Study Group Annual Meeting. Morecambe.

Verónica Méndez, Jennifer A. Gill, Böðvar Þórisson, Sölvi R. Vignisson, Tómas G. Gunnarsson & José A. Alves. 2019. Will millennials follow parental advice? International Wader Study Group Annual Meeting. Morecambe.

Prófitrgerðir

Camilo Carneiro 2019. Bridging from the arctic to the tropics: implications of long-distance migration to individual fitness. PhD ritgerð. University of Aveiro, Portugal. <http://hdl.handle.net/10773/27435>





Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum

Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlífræðingur og Hermann Dreki Guls var í fullu starfi á árinu samhliða meistaranámi. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem voru sem fyrr nánir samstarfsaðilar.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi þar sem lögð er áhersla á vöktun, eiturefnavistfræði og líffræðilega mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun. Þessir mælikvarðar eru liður í áframhaldandi þróun mengunarmiðstöðvar setursins þar sem áherslan er á eiturefnavistfræði á víðum grunni og var unnið að mörgum og fjölbreytilegum verkefnum á árinu sem flest sneru að mengun hafnsins. Setrið sá áfram um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM-mengunarvöktunar á lífríki hafnsins við Ísland, rannsóknir á falskyni (imposex) hjá nákuðungum af völdum lífrænna tinsambanda úr botnmálningu, gerði athuganir á örplasti í sjávarlífverum á Suðurnesjum og mælingar á ensímavirkni í kröbbum í tengslum við mengandi efni. Af öðrum viðamiklum verkefnum má nefna rannsóknir á framandi sjávarlífverum við Ísland, rannsóknir á lífríki Vogavíkur á Reykjanesi í tengslum við fiskeldi Stofnfisks ehf. og úttekt á botndýralífi við Þerney og Álfsnes í Reykjavík vegna fyrirhugaðrar starfsemi Björgunar ehf.

Alþjóðlegt samstarf setursins var viðamikilið á árinu. Setrið tók þátt í fundi vinnuhóps innan ICES um áhrif mengandi efna á lífverur sem haldinn var í Vigo á Spáni dagana 11.-15. mars. Annað árið í röð dvaldi flokkunarfræðingur frá Spáni á setrinu í fimm vikur vegna rannsókna á nýjum tegundum við Ísland en þær eru unnar í samstarfi með Náttúrustofu Suðvesturlands. Setrið er aðili að Sure-Aqua verkefninu sem leitt er af IRIS í Stafangri og er doktorsverkefni Daniels Coaten við setrið er snýr að rannsóknum og nýtingu á þara fjármagnað að hluta í gegnum það verkefni. Starfsmenn setursins hófu þátttöku í AMAP-hópi um plastmengun á norðurslóðum (Litter and Microplastics Expert Group) fyrir hönd Umhverfisstofnunar og fóru meðal annars til Kaupmannahafnar á fund með hópnum. Forstöðumaður fór til Plentzia á Spáni vegna samstarfs setursins við Háskólann í Baskalandi um áhrif olíumengunar á lífríki sjávar í Norður-Atlantshafi en það samstarf hófst 2018. Hann fór einnig til Hong Kong í júní þar sem honum var boðið á alþjóðlega ráðstefnu og flutti þar erindi um framandi tegundir á norðurslóðum.

Kynningarstarf setursins fólst meðal annars í þátttöku á Háskóladeginum í Öskju og starfsgreinakynningu á Suðurnesjum fyrir efstu bekkni grunnskólanna ásamt móttöku ýmissa hópa á setrinu, m.a.

vísindaferð líffræðinema HÍ. Forstöðumaður ræddi rannsóknir setursins á örplasti í kræklingi í útvarpsþættinum Samfélagið á RÚV.

Starfsmenn setursins kenndu í þremur námskeiðum í líffræði við HÍ og forstöðumaður var jafnframt leiðbeinandi þriggja meistaranema og eins doktorsnema og vörðu tveir nemendanna meistara-verkefni sitt á árinu. Starfsmenn setursins voru að auki leiðbeinendur eins BS-nema sem útskrifaðist á árinu.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á Sæmundi fróða RE 32, 8 tonna bát í eigu Háskóla Íslands, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.

Ritaskrá

- Guðmundur Víðir Helgason, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Þorleifur Eiríksson. 2019. Botndýr í Þerneyjarsundi. RORUM og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, ISSN 2547-6696, RORUM 2019 01, 16 bls.
- Halldór Pálmar Halldórsson. „Var eins mikil mengun árið 1944 á Íslandi og nú?“ Visindavefurinn, 23. september 2019.
- Sindri Gíslason, Joana Micael, Sölvi Rúnar Vignisson, Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson. 2019. Rannsókn á lífríki Vogavíkur. Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Þekkingarsetur Suðurnesja, október 2019, 36 bls.
- Sindri Gíslason, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Sölvi Rúnar Vignisson, Halldór Pálmar Halldórsson. 2019. Notkun dróna við talningar í sjófuglabyggðum. Náttúrufræðingurinn 89 (1-2), 22-33.
- Þorleifur Eiríksson, Leon Moodley, Guðmundur Víðir Helgason, Halldór Pálmar Halldórsson, Diana Vasquez Cardenas, Silvia Hidalgo Martinez, Þorgerður Þorleifsdóttir, Jónatan Þórðarson, Þorleifur Ágústsson. 2019. Niðurbrot lífræns efnis undir sjókvíum og aukinn skilningur á hvíld - AquaRest. RORUM 2019 007, 18 bls.

Fyrirlestrar og kynningar

- Alfonso A. Ramos-Esplá, Joana Micael, Halldór Pálmar Halldórsson, Sindri Gíslason. Iceland: a laboratory for the non-indigenous ascidians. Erindi á Líffræðiráðstefnunni, Öskju – Náttúrufræðihúsi, 19. október 2019.
- Daniel James Coaten. Effect of tide simulation on saccharide production in tank cultivated marine macroalgae. Erindi á SURA-QUA Annual Meeting, Sven Lovén Centre, Svíþjóð, 14. október 2019.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Sjávarhyggleysingjar á grunnsævi við Ísland. Erindi haldið á vegum Sportkafarafélags Íslands, Nauthólsvegi, Reykjavík. 7. febrúar 2019.
- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. Environmental monitoring in Iceland 2018: organotins and imposex in Nucella lapillus. Erindi á fundi Alþjóðahafnrannsóknaráðsins (ICES) um

áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants). Vigo, Spáni, 13. mars 2019.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Sindri Gíslason, Sölvi Rúnar Vignisson, Ashvini Victor. The use of the marine snail *Nucella lapillus* as an indicator of current organotin pollution in Iceland. Erindi flutt á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Hólum í Hjaltadal, 29.-30. mars 2019.

Halldór Pálmar Halldórsson, Sindri Gíslason. Marine biological invasions at high latitudes in the North Atlantic: overview and case studies from Iceland. 9th International Conference on Marine Pollution and Ecotoxicology (ICMPE 9), University of Hong Kong, 10.-14. júní 2019. Plenary erindi haldið af Halldóri Pálmar Halldórssyni.

Hermann Dreki Guls. Mengun sjávar og rannsóknir í eiturefnavistfræði. Erindi haldið fyrir samtök líffræðikennara (Samlíf) – félag framhaldsskólakennara, Kvennaskólinn, Reykjavík, 4. júní 2019.

Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson. Biological responses to contaminants in three-spined stickleback (*Gasterosteus aculeatus*) from polluted sites in Reykjavík. Erindi á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Hólum í Hjaltadal, 29.-30. mars 2019.

Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson. Microplastics in Iceland. Erindi á fundi Alþjóðahafsrannsóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants). Vigo, Spáni, 12. mars 2019.

Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson. Sediment pollutants and EROD responses in three-spined stickleback (*Gasterosteus aculeatus*) from polluted sites in Reykjavík. Erindi á fundi Alþjóðahafsrannsóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants). Vigo, Spáni, 14. mars 2019.

Joana Micael, Pedro Rodrigues, Halldór Pálmar Halldórsson, Ó. Sindri Gíslason. Potential dispersion of the invasive *Ciona intestinalis* around Iceland. Erindi á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Hólum í Hjaltadal, 29.-30. mars 2019.

Jörundur Svavarsson, Halldór Pálmar Halldórsson. Environmental challenges at high latitudes of the North Atlantic Ocean. 9th International Conference on Marine Pollution and Ecotoxicology (ICMPE 9), University of Hong Kong, 10.-14. júní 2019. Keynote erindi haldið af Jörundi Svavarssyni.

Sindri Gíslason, Snæbjörn Pálsson, Hermann Dreki Guls, Jörundur Svavarsson, Jónas Páll Jónasson, Halldór Pálmar Halldórsson. The Atlantic rock crab: Post-invasion demography and persistence in Iceland. Erindi á Líffræðiráðstefnunni, Öskju – Náttúrufræðahúsi, 19. október 2019.

Sindri Gíslason, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Sölvi Rúnar Vignisson, Halldór Pálmar Halldórsson. Eldey – a UAV-based gannet population estimate. Erindi á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Hólum í Hjaltadal, 29.-30. mars 2019.

Sindri Gíslason, Snæbjörn Pálsson, Hermann Dreki Guls, Jörundur Svavarsson, Jónas Páll Jónasson, Halldór Pálmar Halldórsson. Invasion of the Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*) to Europe. Erindi á ICES Shellfish Symposium, Tromsø, Noregi, 5. september 2019.

Þorleifur Eiríksson, Leon Moodley, Guðmundur Viðir Helgason, Þorgerður Þorleifsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Þorleifur Ágústsson. Niðurbrot lífræns efnis undir sjókvíum – Aukinn skilningur á hvíldartíma. Strandbúnaðaráðstefnan, Grand Hótel Reykjavík, 22. mars 2019.

Veggspjöld

Eva Paulus, Saskia Brix, Halldór Pálmar Halldórsson, Diaz-Recio Lorenzo, Sabine Gollner. Origin of deep-sea hydrothermal vent copepods: comparative analysis of copepod populations along the Mid-Atlantic Ridge. Veggspjald á European Marine Biology Symposium (EMBS) í Dublin, Írlandi, 25.-29. ágúst 2019.

Eva Paulus, Saskia Brix, Halldór Pálmar Halldórsson, Diaz-Recio Lorenzo, Sabine Gollner. Origin of deep-sea hydrothermal vent copepods along the Mid-Atlantic Ridge. Veggspjald á International Conference for Young Marine Researchers (ICYMARE), Bremen, Þýskalandi, 10. september 2019.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. Microplastics in blue mussels (*Mytilus edulis*) from coastal sites in Iceland. Veggspjald á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Hólum í Hjaltadal, 29.-30. mars 2019.



Hermann Dreki Guls, Csilla Pelyhe, Kristín Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Sindri Gíslason. Bioaccumulation of benzo(a)pyrene (BaP) through ingestion and biomarker responses in the N-Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*). Veggspjald á Líffræðiráðstefnunni, Öskju – Náttúrufræðahúsi, 19. október 2019.

Prófrítgerðir

Ashvini Victor. 2019. Investigation of the effect of PAH contaminated sediments on EROD activity in three-spined sticklebacks (*Gasterosteus aculeatus*). Rannsóknaverkefni (Quantitative Experimental Ecology) við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum sem hluti af M.Sc. gráðu við Háskólann í Koblenz-Landau, Þýskalandi. Apríl 2019, 14 bls.

Ásdís Ólafsdóttir. 2019. Áhrif olíu á krækling (*Mytilus edulis* L.) frá hreinu og menguðu svæði við Ísland: uppsöfnun PAH efna og DNA skemmdir. Meistaraprófsritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Janúar 2019, 77 bls. <https://skemman.is/handle/1946/32322>

Katarzyna Anna Kakol. 2019. Áhrif lágrar seltu á líkamsstarfsemi stórkrossa (*Asterias rubens*). BS ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Maí 2019, 49 bls. <https://skemman.is/handle/1946/33365>

Sölvi Rúnar Vignisson. 2019. Fæðuval vaðfugla í fjörum á fari um Reykjanesskaga. Meistaraprófsritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Janúar 2019, 48 bls. <https://skemman.is/handle/1946/32355>





Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi er með starfssvæðið Snæfellsnes og Breiðafjörð að viðfangsefni. Starfsmenn voru tveir, báðir í 100% starfi, Jón Einar Jónsson vísindamaður og Ute Stenke-witz verkefnisstjóri. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur starfaði fimmta sumarið í röð að merkingum á æðarfugli. Auk þeirra þriggja tóku þátt þrír vanir merkingamenn: Jón Jakobsson í Rifgirðingum, Árni Ásgeirsson í Þormóðsey og Elisabeth Knudsen í eyjunum við Stykkishólmi.

Merkingaverkefnið *Stofnvistfræði æðarfugls* er langtímaværk-



efni, unnið í samstarfi við landeigendur og styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Alls náðust eða endurheimtust 158 merktar æðarkollur í Breiðafirði, þar af voru 57 nýmerktar. Veðurfar var óhagstætt til merkinga fyrstu tvær vikurnar í júní en þó náðist að heimsækja Landey, Hjalls-ey og Stakksey við Stykkishólmi, og Rifgirðingar og Þormóðsey. Nú hafa 938 æðarkollur verið merktar frá og með 2014 og af þeim hafa náðst 585 endurheimtur.

Á árinu hófst verkefni um stærðarbreytileika æðarfugls á Íslandi, sem eru breytilegir að líkamsstærð. Auk þess sýna DNA-gögn að í Skerjafirði og á Akureyri eru tveir aðskildir stofnar með ólíkan upp- runa (Furness et al. 2010 Bird Study 57: 330-335) og að Breiðafjarðarkollurnar eru skyldari þeim í Skerjafirði (Elisabeth Knudsen 2019). Þrátt fyrir erfið veðurskilyrði í byrjun júní náðist að heim- sækja Ásbúðir og Akureyri og merkja þar 34 æðarkollur með hjálp heimamanna.

Norska Seatrack-verkefnið hélt áfram að kortleggja vetrar- stöðvar og farleiðir 11 sjófuglategunda. Í ár voru settir út 13 hnatt- stöðuritar og endurheimt 18 stykki, allir á æðarkollum. Þar með eru endurheimtir hnattstöðuritar orðnir 126 en alls 180 settir út 2014-2019. Norsk Institut for Naturforskning leiðir verkefnið sem mun standa a.m.k. til 2022.

Katherine Herborn, lektor við Háskólann í Plymouth, kom í heimsókn og setti gerviegg í æðarhreiður. Gerviegginn hýsa tæki sem mæla hjartsláttartíðni og streituvíðbrögð æðarkollna. Í sumar var kannað hvort unnt væri að nema viðbrögð æðarkollnanna við áreiti. Aðrir samstarfsmenn í verkefninu eru Rudi Nager frá Glas- gow, Liliana D'Alba í Ghent og Andreas Nord í Lundi. Verkefnið var styrkt af Konunglega breska vísindafélaginu (Royal Society) og er stefnt að framhaldi næstu ár, að rannsaka hvernig kollur í ólíkum hreiðurstæðum og með mismunandi eiginleika bregðast við streitu- völdum á álegutímanum.

Elisabeth Knudsen varði meistararitgerð sína við Líf- og umhverfisvísindadeild í maí 2019. Í verkefninu var safnað fjaðra- og blóðsýnum til DNA-greininga, m.a. til að bera saman stofngerð færeyskra og íslenskra æðar- fugla. Leiðbeinendur voru Snæbjörn Pálsson og Jón Einar Jónsson.



Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir við Landbúnaðarháskóla Íslands skrifaði BS-ritgerð um varptíma æðarfugls á Íslandi. Hún skilaði ritgerð sinni í maí 2019 en Jón Einar var leiðbeinandi.

Á árinu komu út þrjár greinar í vísindaritum frá Rannsóknasetrinu, um stofnvistfræði dílaskarfs á Íslandi 1994-2015, fæðuval snæuglu á Íslandi og félagskerfi sjakala í Suður-Afríku. Innanlands kom út grein um æðarmerkingarnar í tímariti Fuglaverndar, Fuglar 11. Rannsóknasetrið var með fjögur framlög á Liffraeðiráðstefnunni í nóvember: 1) erindi um stærðarbreytileika æðarkollna á Íslandi, 2) veggspjald um rjúputalningar á Snæfellsnesi, 3) veggspjald um tengsl veðurfars og rjúpu, og loks 4) veggspjald um vatnafuglatalningar 2011-2019 í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands. Þá kynnti Elisabeth Knudsen verkefni sitt á Vístis að Hólum í Hjaltadal í lok mars.

Ritaskrá

- Garðarsson, A. & Jónsson, J.E. 2019. Numbers and distribution of the Great Cormorant in Iceland: limitation at the regional and metapopulation level. *Ecology and Evolution* 9:3984–4000.
- Kamler JF, Stenkewitz U, Gharajehdaghypour T, Macdonald DW. Social Organization, Home Ranges, and Extraterritorial Forays of Black-backed Jackals on Benfontein Game Farm, South Africa. *The Journal of Wildlife Management* 83: 1800–1808.
- Stenkewitz U, Nielsen ÓK. 2019. The summer diet of the Snowy Owl *Bubo scandiacus* in Iceland. *Journal of Raptor Research* 53:98-101.
- Ellen Magnúsdóttir, Árni Ásgeirsson og Jón Einar Jónsson. 2019. Litmerkingar á æðarfugli á Breiðafirði. *Fuglar* 11: 4-5.

Fyrirlestrar

- Jón Einar Jónsson 2019. Are there more than one eider populations in Iceland? Biannual Conference on Biology in Iceland, Reykjavík, 17-19 October 2019.
- Jón Einar Jónsson og Arnþór Garðarsson 2019. Numbers and distribution of the great cormorant in Iceland: limitation at the regional and metapopulation level. Föstudagsfyrirlestrar Líf- og Umhverfissindastofnunar, föstudaginn 22. mars 2019.



Veggspjöld

- Elisabeth Knudsen, Jón Einar Jónsson & Snæbjörn Pálsson. 2019. Genealogy of the common eider, *Somateria mollissima* in the Faroe Islands and Iceland. *Ecolce*, the annual conference of the Icelandic Ecological Society, Hólar 29-30 March.
- Róbert A. Stefánsson, Jón Einar Jónsson & Menja von Schmalensee. 2019. Vöktun vatnafugla á Snæfellsnesi. *IceBio2019: The biannual Conference on Biology in Iceland*, Reykjavík, October 17-19 2019.
- Ute Stenkewitz & Jón Einar Jónsson. 2019. Ptarmigan Counts on Snæfellsnes Peninsula. *IceBio2019: The biannual Conference on Biology in Iceland*, Reykjavík, October 17-19 2019.
- Ute Stenkewitz & Ólafur K. Nielsen. 2019. Changing Climate and Icelandic Rock Ptarmigan: Influence of Regional Weather. *IceBio2019: The biannual Conference on Biology in Iceland*, Reykjavík, October 17-19 2019.

Prófritgerðir

- Elisabeth Knudsen. 2019. On the origin of the Common Eiders, *Somateria mollissima*, in the Faroe Islands and Iceland. *Mastersritgerð við Líf- og umhverfissindadeild Háskóla Íslands*, maí 2019. Leiðbeinendur Snæbjörn Pálsson og Jón Einar Jónsson. <https://skemman.is/handle/1946/33443>
- Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir. 2019. Breytileiki á varptíma æðarfugla innan Íslands. *BS ritgerð við Auðlinda-og umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands*. Leiðbeinandi Jón Einar Jónsson. <https://skemman.is/handle/1946/33478>





Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum

Við setrið störfuðu á árinu 2019 tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Við setrið störfuðu einnig fjórir rannsóknanemar og verknámsneminn Antoine Morel. Nánari lýsing á nemendaverkefnum er hér að neðan. Setrið er til húsa að Hafnargötu 9b í Bolungarvík. Þar hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Nokkur tímamót urðu á árinu 2019 en þá var lokið við stækkun húsnæðis setursins og stór skref tekið í uppbyggingu rannsóknatækja og aðstöðu, m.a. með hjálp uppbyggingarstyrks frá Bolungarvíkurkaupstað. Þessi uppbygging hefur skapað setrinu sess sem ákjósanlegur vettvangur til að sinna fjölbreyttum rannsóknum, t.d. sem krefjast kortlagningu búsvæða á hafsbotni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu, merkingu á fiskum á vettvangi og skráningu minjastaða á hafsbotni. Þá hefur þessi uppbygging gert setrinu enn frekar kleift að sinna samfélagsverkefnum af meiri krafti t.d. með því að bjóða upp á samnámskeið í sjávarrannsóknum og taka á móti hópum grunnskólanema. Á árinu var einnig gerður samstarfssamningur setursins við Bolungarvíkurkaupstað með það að markmiði að efla þekkingar- og rannsóknastarf í Bolungarvík og á Vestfjörðum og um leið að festa í sessi og efla starfsemi rannsóknasetursins.

Þrjú doktorsnemar störfuðu við setrið 2019. Anja Nickel vinnur að verkefnum *Vistfræði og búsvæðanýting þorsfiskseiða við náttúrulegar aðstæður*. Theresa Henke vinnur að verkefnum *Landnám flundru (Platichthys flesus) á Íslandi* og Rosanne Beukeboom að verkefnum *Atferli staðbundinnar gerðar og fargerðar þorsks á seiðastigi*. Tveir meistaranemar vinna að verkefnum sínum við setrið, Shaun Turnbull vinnur sem starfsmaður að verkefnum *Stofnsamsetning þorsseiða á uppeldisstöðvum metin með arfgerðagreiningum* og Michelle Valliant, nemi við Háskólasetur Vestfjarða, vinnur að verkefnum *Kalkþörungur sem búsvæði smáfiska*.


Rannsóknir ársins einkenndust nokkuð af styrkjum frá Rannsóknasjóði Rannís en í upphafi árs hlaut Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir verkefnastyrk til verkefnisins *Hreyfivistfræði þorsseiða* og Anja Nickel doktorsnámsstyrk til rannsóknar sinnar *Vistfræði og búsvæða-*

nýting þorsfiskseiða við náttúrulegar aðstæður. Þessi verkefni eru nátengd og miða bæði að því að skilja vistnýtingu og breytileika í vistnýtingu þorsfiskseiða. Innan stærra verkefnisins er unnið sérstaklega að því að skilja svæðisnýtingu og atferli þorsseiða af ólíkum arfgerðum og hvernig þessir þættir breytast með tíma. Tveir rannsóknanemar voru ráðnir til að vinna í verkefnum á árinu, bæði við rannsóknir á atferli og erfðafræði. Mikill tími fór í að koma þessum verkefnum af stað enda þurfti starfsfólk setursins að tileinka sér nýja aðferðafræði bæði við rannsóknir með hljóðduflum og merkingar á seiðum í náttúrunni og einnig á uppsetningu og utanumhaldi langtímarannsókna á þorsseiðum inni á rannsóknastofu.

Á sviði fornleifafræði var unnið að lokum rannsóknarinnar „*Allen die willen naa Island gaan*“, *Hvalveiðar og verslun Hollendinga á 17. og 18. öld*, sem miðar að því að skilja hlutverk og áhrif hvalveiða og verslunar Hollendinga á íslenskt samfélag á tímum einokunar. Á árinu var m.a. unnið að fullnaðargreiningu gripa og að greinaskrifum. Aðrar fornleifarannsóknir sem voru áberandi voru *Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum* en það verkefni miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Árið 2019 fundust hvorki meira né minna en þrjú skipsflök, þar af hefur eitt verið staðfest sem þilskipið Henrietta.

Önnur verkefni setursins sem nefna má er þverfræðilegt verkefni þar sem beitt er erfðafræðilegum, vistfræðilegum og samfélagsfræðilegum aðferðum til að leita lausna á veru hinnar nýju, og mögulega ágengu, tegundar flundru á Íslandi. Annað áhugavert verkefni er rannsókn á nýtingu fiska á kalkþörungasvæðum en þar sem hefðbundin sýnataka á kalkþörungum er erfið voru þróaðar aðferðir við köfunarsnið annars vegar og hins vegar notkun fjölgeislamælis til talningar á fiskum.

Starfsfólk rannsóknasetursins bauð sumarið 2019 upp á samnámskeið í sjávarrannsóknum ætlað börnum á aldrinum 10-14 ára. Átta krakkar tóku þátt í námskeiðinu og þótti það takast afar vel og stefnt er að uppbyggingu námskeiðsins og fjölgun nemenda 2020. Sumarnámskeiðið hvataði líka frekara samstarf við Grunnskólann í Bolungarvík en veturinn 2019-2020 sækja nemendur á unglingsstigi verkefnatengt nám til rannsóknasetursins. Þá var haldið í tvi-



gang opið hús, m.a. Vísindakaffi í samstarfi við Rannís, og fjölmargir fyrirlestrar og kynningar fyrir almenning. Þá hefur rannsóknasetrið og starfsfólk þess stutt við starfsemi góðra nágranna á árinu, m.a. frumkvöðlasetursins Djúpið og Háskólaseturs Vestfjarða.


Nokkuð var fjallað um starfsemi setursins í fjölmíðlum á árinu en þar má helst nefna umfjöllun um neðansjávarrannsóknir Ragnar Edvardssonar í Landanum þann 11. nóvember, viðtal við Ragnar Edvardsson í kvöldfréttum RÚV þann 25. október, varðandi barnastarf setursins og viðtal við Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttur í kvöldfréttum RÚV 29. desember, varðandi uppbyggingu rannsóknnaðstöðu setursins. Þá var fjallað um starf setursins í nokkrum fjölda blaðagreina og pistla á árinu.

Ritaskrá

- Edvardsson R., Bárðarson H, Patterson WP, Timsic S, Harrison R & Ólafsdóttir GÁ. Change in Atlantic cod migrations and adaptability of early land-based fishers to severe climate variation in the North Atlantic. 2019. Quaternary Research. 1-11.
- O Simmons, M Thorsteinsson, GÁ Ólafsdóttir. Trophic dynamics of anadromous brown trout and Arctic charr in NW Iceland and their correlation to salmon lice infection. 2019. Polar Biology 42 (11), 2119-2130.

Fyrirlestrar

- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. An evolutionary ecology approach to conserving fish populations: examples from Icelandic nearshore habitats. The annual conference of the Icelandic ecological soc. Hólar, Iceland. 29-30 March 2019.
- Theresa Henke & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Invasion of the European flounder in Icelandic waters. Hólar, Iceland. 29-30 March 2019.
- Ragnar Edvardsson. Aðalfundur félags Íslenskra fornleifafræðinga, 8. nóvember 2019: Sjávarfang og samskipti við Evrópu frá 1550.
- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. The role of fish biology in fisheries ecology? A joint vision of academia and industry. Sjávarútvegsráðstefnan. Reykjavík 7.-8. nóvember 2019.
- Michelle Valliant, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Ragnar Edvardsson. Assessing the Degree of Maerl Habitat Affecting Fish Species Abundance & Richness. Sjávarútvegsráðstefnan. Reykjavík 7.-8. nóvember 2019.
- Ragnar Edvardsson. Sjávarfornleifafræði. Vísindavaka Menntaskólans á Ísafirði. 13. nóvember 2019.
- Anja Nickel. Variation in resource use of juvenile cod and saithe under natural conditions. Vísindavaka Menntaskólans á Ísafirði. 13. nóvember 2019.
- Michelle Valliant, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Ragnar Edvardsson. Assessing the Degree of Maerl Habitat Affecting Fish Species Abundance & Richness. Vísindavaka Menntaskólans á Ísafirði. 13. nóvember 2019.





Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum var stofnað á Hólmavík haustið 2016 og eru rannsóknir í þjóðfræði í öndvegi hjá setrinu. Sérstök áhersla er einnig lögð á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Rannsóknasetrið er til húsa í Þróunarsetrinu á Hólmavík og Jón Jónsson þjóðfræðingur stýrir starfsemi.

Árið 2019 hefur einkennst af þróunarvinnu og uppbyggingu, en einnig hefur þátttaka í fjölmörgum viðburðum sett svip á starfsemi. Á grundvelli vilyrðis um þriggja ára stuðning úr Byggingaáætlun 2018-2024 var komið á laggirnar fjarvinnslustöð á sviði þjóðfræði við setrið á Hólmavík, þar sem unnið er að skráningarverkefnum tengdum menningararfi. Auglýst var eftir starfsmanni og var Eiríkur Valdimarsson, MA í þjóðfræði, ráðinn í fullt starf við verkefnið. Eitt af verkefnum setursins á þessu sviði snýst um gamlar ljósmyndir, varðveislu þeirra og miðlun, söfnun og skráningu. Það er unnið í samvinnu við söfn á svæðinu og nefnist Menningararfarir í myndum. Annað verkefni í skráningunni snýst um dagbækur fyrri alda og í undirbúningi er skráningarvinna á viðtölum úr Vesturheimi í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar.

Rannsókn á dagbókum sem ritaðar voru á Ströndum á 19. öld var eitt af viðameiri viðfangsefnum ársins. Svo dæmi sé tekið var unnið að uppskrift á dagbók sem rituð var á tímabilinu 1846-1879. Dagbókkaritarinn var Jón „gamli“ Jónsson og eru bæði dagbókin og hann sérlega áhugaverð, ekki síst vegna stöðu Jóns í samfélaginu á efri árum. Kaflar í bókinni þar sem hann lýsir fátækt og harðindum og aðrir þar sem hann ræðir tilfinningar sínar og opnar sig um sorgarviðbrögð eru líklega einstakar heimildir.

Annað stórt rannsóknarverkefni sem fékk mikla athygli á árinu er Vestfirski þjóðtrúarfléttan, en það verkefni fékk stuðning frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða. Dagrún Ósk Jónsdóttir, doktorsnemi í þjóðfræði, og Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir, BA í þjóðfræði, voru ráðnar tímabundið til starfa við það verkefni á árinu.

Þýski fræðimaðurinn dr. Matthias Egeler var gestafræðimaður hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu og dvaldi á Ströndum við rannsóknir hálf árið 2019. Verkefni hans tengist

einmitt Vestfirsku þjóðtrúarfléttunni, en Matthias starfar við rannsóknir hjá Stofnun um skandinavísk fræði og trúarbrögð hjá Ludwig-Maximilian háskólanum í München í Þýskalandi. Á Ströndum vann Matthias að rannsóknum og ritun bókar um samspil landslags, trúarbragða og hins yfirnáttúrulega.

Samstarf við samfélagið á Ströndum, menningarstofnanir, söfn og viðburðahaldara er umtalsvert og hefur verið það allt frá stofnun. Rannsóknasetrið tók þátt í stóru miðlunar- og fræðsluverkefni með Strandagaldri og grunnskólunum á svæðinu, sem snerist um þjóðtrú og þjóðsögur. Einnig stóð setrið fyrir viðburðum í samstarfi við Sauðfjársetur á Ströndum sem er öflug menningarstofnun í héraðinu, bæði málþingi með yfirskriftinni Fagurfræði hversdagsins og kvöldvöku um þjóðtrú með titlinum Ógnarstundir og örlagastaðir.

Setrið tók einnig þátt í Vísindavöku Rannís með sérstökum viðburði og bauð upp á vísindakaffi í héraðinu. Eins var sett upp ljósmyndasýning með Rannsóknasamfélagi Vestfjarða á Hólmavík í tengslum við fundarhöld þess vettvangs þar sem samstarf var til umræðu og í mótun. Þá tók setrið þátt í söguroldi með söfnunum á Ströndum og í Dölum og sá um leiðsögn í nokkrum sögugöngum. Loks má nefna að setrið var samstarfsaðili við nýsköpunar- og sýningarverkefnið Skessur sem éta karla! sem Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur stóð fyrir.

Einnig var öflug þátttaka í miðlun þjóðfræðanna utan héraðs, t.d. með öflugri þátttöku starfsmanna setursins á þjóðarspeglinum, ráðstefnu í félagsvísindum. Þar fluttu starfsmenn setursins fjögur erindi í þremur málstofum. Þá var farið í fyrirlestrarferð um Vestfirði. Tveir bókarkaflar eftir starfsmenn voru birtir á árinu og einnig greinar og loks má nefna að spjaldasýning var sett upp um örnefni, landslag og þjóðsagnastaði.

Áhersla hefur verið lögð á gott samstarf milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Jón Jónsson hefur stöðu aðjunkt og á vormisseri 2019 kenndi hann Hagnýta þjóðfræði, 10 eininga námskeið á MA-stigi, í vinnulotum syðra og á Hólmavík í verkefnavíku. Tókst mjög vel til.

Bókarkafar, skýrslur og greinar

- Jón Jónsson og Kristinn Schram. (2019). *Visitations: The Social and Cultural History of Polar Bear Narratives in Iceland and the North Atlantic*. The Bear. Culture, Nature, Heritage. Owen T. Nevin, Ian Convery and Peter Davis. Boydell & Brewer, Woodbridge UK, s. 147-159.
- Eiríkur Valdimarsson. (2019). *Sveitasamviska – að senda börn í sveit*. Send í sveit: Þetta var í þjóðarsálinni. Ritstj. Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, s. 47-70.
- Jón Jónsson. (2019). *Galdrameistari, stórleikari og gleðigjafi*. Vinur minn Sigurður Atlason. Strandapósturinn 51. árg, s. 51-58.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson. (2019). *Álagablettir á Ströndum*. Strandapósturinn 51. árg, s. 84-92.
- Jón Jónsson og Dagur Ósk Jónsdóttir. (2019). *Draugar og tröll og ósköpin öll ... Smávegis um þjóðsögur og þjóðtrú*. Samantekt fyrir samstarfsverkefni við Strandagaldur, grunnskóla á Ströndum og fleiri: Galdrar og þjóðsögur á Ströndum. Átaksverkefni í miðlun þjóðtrúar á meðal grunnskólabarna í Strandasýslu. Útg. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa, Hólmavík. [19 bls.]

Fyrirlestrar

- Eiríkur Valdimarsson: *Um dauðans óvissan tíma og birtingarmyndir sorgarinnar í dagbókarskrifum á Ströndum á 19. öld*. Fyrirlestur á málþinginu Fagurfræði hversdagsins – persónulegar heimildir frá 19. öld, í Sævangi á Ströndum, 16. des. 2019.
- Jón Jónsson: *Allir svangir! Um lífshlaup og dagbók Jóns gamla Jónssonar við Steingrímsfjörð á Ströndum*. Fyrirlestur á málþinginu Fagurfræði hversdagsins – persónulegar heimildir frá 19. öld, í Sævangi á Ströndum, 16. des. 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *„Öll er þessi illskupþjóðin ungbörnum skæð.“ Um Grýlu og hennar hyski*. Fyrirlestur á Fróðleiksmolun Bygðasafns Hafnarfjarðar, 12. des. 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *„Nokkuð skapþung, en trú og dygg.“ Birtingarmynd kvenna í íslenskum þjóðsögum*. Fyrirlestur í málstofunni Á jaðrinum í sögnum og arkifum, á Þjóðarspeglinum XX í Háskóla Íslands, 1. nóv. 2019.
- Esther Ösp Valdimarsdóttir og Eiríkur Valdimarsson: *Hvað segja bændur þá? Fyrirlestur í málstofunni: Send í sveit: Þetta var í þjóðarsálinni, á Þjóðarspeglinum XX í Háskóla Íslands, 1. nóv. 2019.*
- Jón Jónsson: *Birtingarmyndir fátæktar í dagbók frá 19. öld: „Hafa börnin oft grátið af sulta og kulda.“ Fyrirlestur í málstofunni: Hörmung og hamingja. Hversdagslif og hugmyndaheimur í persónulegum heimildum frá 19. öld, á Þjóðarspeglinum XX í Háskóla Íslands, 1. nóv. 2019.*
- Eiríkur Valdimarsson: *„Annars vorum við foreldrar þess sársaknaða ástvinar sinnulitlir.“ Sorgin í skrifum bændafólks á Ströndum á 19. öld*. Fyrirlestur í málstofunni Hörmung og hamingja. Hversdagslif og hugmyndaheimur í persónulegum heimildum frá 19. öld, á Þjóðarspeglinum XX í Háskóla Íslands, 1. nóv. 2019.
- Eiríkur Valdimarsson: *Sveitasamviska*. Erindi á málþinginu Send í sveit: Súrt, saltað og heimabakað, Sævangi á Ströndum, 14. okt. 2019.

- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *Huldufólk í íslenskum þjóðsögum*. Fyrirlestur á hátíðinni Kærleiksdagar sem haldin var á Drangnesi, 28. sept. 2019.
- Jón Jónsson: *Ólík sjónarhorn & möguleikar við miðlun gamalla ljósmynda*. Erindi á Vísindakaffi Rannís: Menningararfur í myndum, í Sævangi 26. sept. 2019.
- Eiríkur Valdimarsson: *Myndaalbúm: Varðveisla og þekking á elleftu stundu!* Erindi á Vísindakaffi Rannís: Menningararfur í myndum, í Sævangi 26. sept. 2019.
- Jón Jónsson: *Dauðadómar, aftökustaðir og dysjar sakamanna*. Fyrirlestur á þjóðtrúarkvöldvöku í Sævangi: Ógnarstundir og örlagastaðir, 14. sept. 2019.
- Matthias Egeler: *Misnotkun, ranglæti og dauði*. Sagnir um fátækt fólk á Ströndum. Fyrirlestur á þjóðtrúarkvöldvöku í Sævangi: Ógnarstundir og örlagastaðir, 14. sept. 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *Ást, harmur og dauði*. Hlutskipti kvenna í íslenskum þjóðsögum. Fyrirlestur á þjóðtrúarkvöldvöku í Sævangi: Ógnarstundir og örlagastaðir, 14. sept. 2019.
- Jón Jónsson: *Sagnir og þjóðtrú um álagabletti, aftökustaði og dysjar*. Fyrirlestur á Sögustund á Minjasafninu á Hnjóti, Örylghöfn, 11. ág. 2019.
- Matthias Egeler: *Bishops, monks and place-names*. Gaelic elements in Icelandic storytelling. Fyrirlestur á Sögustund á Minjasafninu á Hnjóti, Örylghöfn, 11. ág. 2019.
- Jón Jónsson: *Tónað og sungið, kálfast og dúllað*. Gjörningalist í gamla sveitasamfélaginu. Fyrirlestur á leiklistarhátíðinni Act Alone, Suðureyri, 10. ágúst 2019.
- Jón Jónsson: *Aftökustaðir og dysjar: Örnefni, sagnir og þjóðtrú*. Fyrirlestur á Vestfirsku fornminjadeginum, á Suðureyri, 10. ágúst 2019.
- Matthias Egeler: *From papar to place-names*. Celtic influences in medieval Iceland and the long tradition of place-storytelling. Fyrirlestur á Vestfirsku fornminjadeginum, á Suðureyri, 10. ágúst 2019.
- Matthias Egeler: *Places, place-names, place-stories, and the supernatural*. Opinn fyrirlestur á Galdrasýningu á Ströndum, 18. júní 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *Mannát í íslenskum þjóðsögum*. Framandgerving, skrímslavæðing og feminismi. Fyrirlestraröð Þjóðminjasafns Íslands, 30. apr. 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir, Eiríkur Valdimarsson, Jón Jónsson: *Yfirnáttúrulegar sagnir um seli*. Fyrirlestur fluttur af Vilhelm Vilhelmssyni á málþinginu Selir og samfélag við Húnaflóa í fortíð, samtíð og framtíð, 13. apríl 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *Mannát í íslenskum þjóðsögum*. Fyrirlestur við opnun sýningarinnar Skessur sem éta karla á Amtsbókasafninu á Akureyri, 8. mars 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *Skessur sem éta karla!* Fyrirlestur á opnun samnefndrar sýningar í Safnahúsinu á Ísafirði, 2. feb. 2019.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir: *Tröllasögur, mannát og feminismi*. Móttaka fyrir Grunnskólann á Hólmavík í Hnyðju á Hólmavík, 1. feb. 2019.
- Jón Jónsson: *Sagnir um flakkara og sérkennilegt fólk*. Fyrirlestur á Flakkarakaffi í Borgarbókasafninu í Spönginni, 28. janúar 2019.



Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetrið er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og tók þar formlega til starfa árið 2010. Þar eru einkum stundaðar rannsóknir í sagnfræði og skyldum greinum. Forstöðumaður setursins er dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur og tók hann við starfinu hinn 1. febrúar 2018 en auk hans starfar Þórunn Þorsteinsdóttir, MSc í sagnfræði, við setrið. Í setrinu er bókasafn Halldórs Bjarnasonar til húsa þar sem boðið er upp á vinnuáðstöðu sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og listamiðstöðina Nes.

Hinn 1. mars 2018 hófst við setrið vinna við verkefnið *Gagnagrunnur sáttanefndabóka*. Um er að ræða fimm ára verkefni sem unnið er í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og felst í að mynda gjörðabækur sáttanefnda frá tímabilinu 1798-1936 og koma á veflægt form ásamt því að efnisskrá bækurnar og útbúa leitarbæran gagnagrunn um innihald þeirra. Þórunn Þorsteinsdóttir, MSc í sagnfræði frá Edinborgarháskóla, var ráðin til verkefnisins. Í árslok hlaut Rannsóknasetrið veglegan styrk að upphæð 31,6 milljón krónur til áframhalds verkefnisins úr sjóði sem tengdur er stefnumótandi byggðaaáætlun 2018-2024 og er í umsjá Byggðastofnunar. Með styrknum hefur framtíð verkefnisins verið tryggð allt til áætlaðra verkefnisloka um áramótin 2023-2024. Jafnframt hlaut Vilhelm í árslok styrk til þriggja ára úr Rannsóknasjóði HÍ til að vinna frekari rannsóknir á störfum sáttanefnda á Íslandi á 19. öld á grundvelli þessa gagnagrunns. Sú rannsókn er í burðarliðnum og verður ráðinn aðstoðarmaður til að sinna afmörkuðum liðum verkefnisins.

Vilhelm á aðild að alþjóðlega verkefninu *Worlds of Related Coercions in Work (WORCK)* sem hlaut á árinu 2019 veglegan COST Action styrk til fimm ára. Vilhelm situr í miðstjórn verkefnisins og leiðir einn af vinnuhópum þess. Verkefnið snýr að því að skapa tengslanet fræðimanna sem vinna með þvingaða atvinnuhætti í sögulegu samhengi og því fylgja tíðir vinnufundir, ráðstefnur um tengd málefni, samvinna við ritun fræðigreina og sameiginlegar útgáfur á greinasöfnum og sérheftum tímarita.

Í apríl stóð Rannsóknasetrið fyrir þverfræðilegu málþingi um seli og samfélag við Húnaflóa í sögu og samtíð og flutti Vilhelm þar erindi um selveiðar við Húnaflóa í sögulegu samhengi. Á málþinginu komu saman fræðimenn úr ólíkum greinum vísinda sem flestir starfa á Norðurlandi vestra og fluttu erindi sem tengdu saman seli og menn við Húnaflóa. Málþingið var opið almenningi og var vel sótt. Að þinginu loknu héldu þátttakendur fund þar sem ákveðið var að stefna að frekara samstarfi um þetta viðfangsefni.

Hinn 17. ágúst voru hátíðarhöld á Skagaströnd í tengslum við 200 ára ártíð Jóns Árnasonar landsbókavaraðar og þjóðsagnasafnara, sem fæddist þann dag árið 1819 að Hofi á Skaga. Vilhelm hélt erindi um fóstursystur Jóns sem átti talsvert öðrum örlögum að gegna en hann. Einnig var opnuð sýning um Jón í húsakynnum Rannsóknasetursins en sýningin var unnin af Landsbókasafni Íslands. Mun sýningin standa uppi á setrinu um ótilgreindan tíma.

Vilhelm vinnur áfram að rannsóknum á heimi vistarbandsins og birtist einn bókarkafli eftir hann á árinu auk þess sem hann hélt erindi um efnið á ráðstefnum innanlands sem erlendis. Þar að auki hefur Vil-



helm unnið áfram að rannsóknum á selveiðum við Húnaflóa og á Grænlandsdvöl Rannveigar H. Líndal á árunum 1921-1923, en von er á bók um það síðarnefnda á árinu 2021. Jafnframt kenndi Vilhelm á vormisseri námskeið um heim vistarbandsins við námsbraut í sagnfræði við Háskóla Íslands og var það í fyrsta sinn sem kennt var í fjarnámi við námsbrautina og þótti gefast vel. Einnig var Vilhelm leiðbeinandi í einu lokaverkefni BA-nema við námsbrautina. Hann situr áfram í doktorsnefndum tveggja doktorsnema í sagnfræði við Háskóla Íslands, þeirra Sólveigar Ólafsdóttur og Finns Jónssonar. Loks gegnir Vilhelm enn starfi ritstjóra Sögu, sem er fremsta fagtimarit sagnfræðinga á Íslandi og kemur út tvisvar á ári.

Útgáfa

Vilhelm Vilhelmsson (2019), „Síðspillandi lögbrot: Páll Briem og leysing vistarbands“, í: Hugmyndaheimur Páls Briem. Ritstj. Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2019.

Fyrirlestrar

- Vilhelm Vilhelmsson, „Sagnfræðikaffi: Vinnuhjúin og vistarbandið“. Fyrirlestur á Borgarbókasafni – Spönginni. 25. febrúar 2019.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Dropinn holar steininn. Áhrif ólöglegrar lausamennsku á leysingu vistarbandsins“. Fyrirlestur í málstofunni Viðtakendur eða virkir gerendur? Um atbeina almennings á Íslandi á 18. og 19. öld á Hugvísindapíngi 2019 þann 8. mars 2019.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Með kærleiksmeiningar vinmælum: Sáttanefndir og lausn deilumála á 19. öld“. Fyrirlestur í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands á Þjóðminjasafni Íslands. 26. mars 2019.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Selveiðar við Húnaflóa: Sögulegt yfirlit“. Fyrirlestur á málþinginu Seals and society in Húnaflói, past and present við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd. 13. apríl 2019.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Ævi og örlög Guðrúnar Guðmundsdóttur frá Hofi“. Fyrirlestur fluttur við afhjúpun minnisvarða um Jón Árnason á Hofi á Skaga, 17. ágúst 2019.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Acculturation on Their Own Terms: The Social Networks of Political Radicals Among Icelandic Immigrants in Canada, 1890-1910“. Fyrirlestur á ráðstefnunni Migration: 9th Partnership Conference of the University of Iceland and the University of Manitoba. Háskóla Íslands, 29. ágúst 2019.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Contested Boundaries: Compulsory Service and Casual Labour in Rural Iceland in the Early 19th Century“. Fyrirlestur á ráðstefnunni 3rd European Labour History Network Conference, Amsterdam 18-21 september 2019.

Prófrítgerðir

Alða Björk Sigurðardóttir (2019), Kvenvæðing þjónustustarfa á 19. öld. Samanburður á kvenvæðingu þjónustustarfa á Íslandi og í Evrópu. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands.






STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS



Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að

efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

9 RANNSÓKNARSETUR VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ





HÁSKÓLI ÍSLANDS
STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.rannsoknasetur.hi.is

